

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

397. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) á skrifstofu byggðasamlagsins miðvikudaginn 17.10.2018, kl.07:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Kristinn Andersen, Jóna Sæmundsdóttir, Bjarki Bjarnason og Magnús Örn Guðmundsson. Bjarni Torfi Álfþórsson, Ágúst Bjarni Garðarsson og Kolbrún Þorsteinsdóttir boðuðu förföll. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur, Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri, Guðmundur Tryggvi Ólafsson rekstrarstjóri endurvinnslustöðvanna sat fundinn undir lið 1 og.

Tekið fyrir:

1. Rekstraráætlun 2019 – 2023.

Framkvæmdastjóri og rekstrarstjóri endurvinnslustöðvanna leggja fram endurskoðaða áætlun fyrir fjárfestingar og hagræðingar hugmyndir um rekstur endurvinnslustöðvanna árið 2019. Málið rætt.

2. Niðurstaða útboðs vegna vélavinnu í Álfsnesi

Opnuð voru tilboð í verkið þann 8. október sl. Alls bárust þrjú (3) tilboð sem eru þannig eftir yfirferð ráðgjafa:

Bjóðandi	Tilboðsupphæð, kr	Hlutfall af kostnaðaáætlun
HJ bílar	457.070.101,-	52%
Ellert Skúlason og Borgarvirki	623.689.000,-	71%
Loftorka	1.008.445.376,-	115%
Kostnaðaráætlun	875.440.000,-	100%

Stjórn felur framkvæmdastjóra að semja við lægstbjóðanda um verkið að uppfylltum skilyrðum í innkaupareglum SORPU.

3. Viðræður við Kólku

Málinu frestað.

4. Endurvinnsla á plasti

Framkvæmdastjóri greinir frá því að vegna stöðu í endurvinnslu á plasti í Evrópu hafi móttökuaðili SORPU í Svíþjóð neyðst til að senda allt plast til orkuendurvinnslu frá 1.

T377

júni að telja. Unnið er að því að fina nýjar leiðir sem vonast er til að verði komnar í notkun í byrjun árs 2019.

5. Starfsleyfi urðunarstaðar í Álfsnesi

Framkvæmdastjóri kynnir bréf sem sent var umhverfisráðherra í þann 5. október sl. þar sem farið er fram á undanþágu frá starfsleyfi. Málið rætt.

Líf Magneudóttir fór af fundi kl. 09:25

6. Samningur við Sorpstöð Suðurlands bs. (SOS)

Framkvæmdastjóri kynnir drög að samningi við SOS sbr. umræðu á eigendafundi þann 1. október sl. og stjórnarfundi SORPU þann 3. október sl. Málið rætt. Málefnið verður rætt á eigendafundi þann 22. október nk.

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 24. október kl. 07:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 09:30

Fundarritari Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Birkir Jón Jónsson

Jóna Leudvíksson

Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Bjarki Bjarnason

Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Háskólinn Ásbeyri

Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Bjarni Hósti